

7. gr.

Ákveða skal starfsmanni húsaleigu um leið og húsnæði er selt á leigu. Hinn 1. júlí ár hvert skal húsaleiga endurskoðuð með hliðsjón af þeirri breytingu, sem kann að hafa orðið á tölu íbúa undanfarið ár, og er þá miðað við þjóðskrá þann 1. desember næsta ár á undan.

Engar breytingar til hækkunar eða lækkunar húsaleigu, sem ákvörðuð hefur verið með ofangreindum hætti, skal gera frá öðrum degi en 1. júlí ár hvert nema leigutaki segi upp hinu leigða húsnæði.

8. gr.

Leigutaki ber einn allan kostnað af upphitun húss, ljósi og ræstingu. Kvöð þessi nær til íbúðarhúsnæðis, skrifstofu- eða starfshúsnæðis skv. ákv. 5. gr. svo og til þess annars húsnæðis, sem leigusali nýtur ekki, sbr. ákvæði 6. gr. þessarar reglugerðar, og telja verður óaðskiljanlegan hluta hins leigða.

9. gr.

Ríkissjóður greiðir alla skatta og skyldur, svo og viðhaldskostnað íbúðarhúsnæðis, sem að öllu er eign ríkisins. Slíkan kostnað af íbúðarhúsnæði, sem er sameign ríkis og annarra aðila, greiðir ríkissjóður einungis í réttu hlutfalli við eignarhluta sinn. Ákvarðanir leigutaka um viðhald íbúðarhúsnæðis skuldbinda eigi ríkissjóð.

10. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 27 frá 25. apríl 1968 og öðlast gildi 1. apríl 1970.

Reglugerð þessi tekur til þeirra starfsmanna ríkisins, er afnot hafa fengið af íbúðarhúsnæði í eigu ríkisins eftir gildistöku áðurnefndra laga.

Fjármálaráðuneytið, 18. desember 1969.

Magnús Jónsson.

Jón Sigurðsson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Erlends Marteinsonar og Sigurveigar Einarsdóttur, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 17. desember 1969.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

Minningarsjóður Erlends Marteinsonar og Sigurveigar Einarsdóttur.

1. gr.

Nafn sjóðsins er minningarsjóður Erlends Marteinsonar og Sigurveigar Einarsdóttur.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af Sigríði Erlendsdóttur, Kirkjuvegi 10, Hafnarfirði, til minningar um foreldra hennar og ber hann nafn þeirra.

Heimili sjóðsins er Hafnarfjörður.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 50 000.00 svo og það fé, er síðar kann að renna til hans frá stofnanda sjóðsins í lifanda lífi og eftir hennar dag.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja fátæk börn og hjálparþurfi í Hafnarfirði, eitt eða fleiri eftir ástæðum, en eitt frá hverju heimili, til dvalar á dagheimili Verkakvennafélagsins Framtíðin í Hafnarfirði, eða annarri hliðstæðri stofnun, ef dagheimili verkakvennafélagsins verður lagt niður.

5. gr.

Höfuðstól minningarsjóðsins, eins og hann er á hverjum tíma, má aldrei skerða. Stjórn sjóðsins ákveður úthlutun úr honum að fengnum tillögum dagheimilisnefndar eða stjórnar hliðstæðrar stofnunar um styrkþega. Að jafnaði skal úthluta styrkjum ár hvert af vöxtum sjóðsins allt að $\frac{2}{3}$ hlutum, en falli úthlutun að einhverju eða öllu leyti niður, skulu vextir þess árs leggjast við höfuðstólinn.

6. gr.

Sjóðstjórnin skal varðveita sjóðinn og ávaxta hann í ríkistryggðum banka- stofnunum, verðtryggðum skuldabréfum ríkissjóðs eða með öðrum hætti, sem sjóðstjórnin telur jafnöruggan og skal hún leitast við að koma í veg fyrir að sjóðurinn rýrni sökum verðbreytinga.

Ef veruleg verðrýrnun peninga veldur því, að úthlutun af fé sjóðsins, samkvæmt framansögðu, kemur ekki að tilætluðum notum að mati sjóðsstjórnar, er henni heimilt að fella niður úthlutun, unz höfuðstóllinn er á ný orðinn nægilega öflugur.

7. gr.

Sjóðstjórnina skipar stjórn Verkakvennafélagsins Framtíðin eða þess félags, sem við störfum þess tekur, verði núverandi verkakvennafélag lagt niður.

Sjóðstjórnin skal bóka í sérstaka fundargerðarbók allar ákvarðanir um styrkveitingar úr sjóðnum og aðrar ákvarðanir, sem snerta minningarsjóðinn og hagsmuni hans.

8. gr.

Fjárreiðum sjóðsins skal haldið aðgreindum frá fjárreiðum verkakvennafélagsins, enda er sjóðurinn aðeins í umsjá félagsins, en er ekki eign þess. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Skal gengið frá reikningi sjóðsins innan tveggja mánaða frá lokum hvers reikningsárs, og skal hann síðan endurskoðaður af endurskoðendum verkakvennafélagsins og færður inn í fundargerðarbók minningarsjóðsins.

9. gr.

Heimilt er að breyta skipulagsskrá þessari, ef þörf krefur, vegna breyttra tíma og aðstæðna. Þarf samþykki allra sjóðstjórnarmanna til slíkra breytinga.

Nafn sjóðsins og megintilgangi samkvæmt 4. gr. má þó aldrei breyta.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Hafnarfirði, 1. desember 1969.

Sigríður Erlendsdóttir.